

Bæjarstjóri Fjallabyggðar,
Formaður bæjarráðs Fjallabyggðar

Siglufirði 7.1.2022.

Athugasemdir við minnisblað frá 28.12.2021 sem tekið var fyrir á fundi 4.1.2022.. Greinar víst til greina í minnisblaði.

1. Gr. Hófið var girt af en hefur ekki nýst þar sem engin aðkoma er að því. Reynt var að hafa hross í hólfinu fyrsta haustið en erfiðlega gekk að ná í þau þegar snjóaði. Hólfíð hefur annars ekki verið nýtt.
2. Gr. Vinsamlegast upplýsið hvenær og hverjum var gerð grein fyrir því að hólfíð hafi verið afhent til notkunar. Samkvæmt símtali við Egil Rögnvaldsson 6.1.2022 kom fram að engin hross hafa verið í umræddu svæði eftir að framkvæmdir hófust við gólfvöll. Hross voru á svæðinu áður en framkvæmdir hófust um það er ekki ágreiningur. Ekkert vatn er í umræddu hólfí og girðing sem er á svæðinu er ekki hrossheldar og því hefði það verið mikið ábyrgðarleysi að hafa hross á umræddu svæði við hliðin á nýjum golfvelli.
3. Gr. Vinsamlegast upplýsið hvenær og hverjum var gerð grein fyrir því að svæði hafi verið afhent Glæsi til notkunar. Einnig hafa verið framkvæmdir á svæðinu sem eru í óþökk félagsins og ekki með samþykki þess. Svæðið hefur ekki notað af Glæsi til þessa, enda engar girðingar á því.
4. Gr. Rétt.
5. Gr. Glæsir bendir á að syðsti hluti vegarins var ekki byggður upp með fullnægjandi hætti og hefur skolast í burtu í vorleysingum. Einnig er á að minnst kosti 2 stöðum við ræsi verulegar dældir á veginum sem gætu valdið slysahættu.
6. Gr. Rétt.
7. Gr. Er hægt að fá staðfestingu á hvaða reiðvegir eru á skipulagi í Siglufirði ?
8. Gr. Ekki tilefni til athugasemda.
9. Gr. Vísað er til Gr. 2 – og því hafnað að félagið hafi ekki sinnt viðhaldi á girðingu sem enginn vissi að væri búið að afhenda félagini, enda hefur girðinginn og hólfíð alla tíð verið ónothæft.

Með tilvísun til fundargerðar 4.1.2022 ítrekar Glæsir að óumdeildar vanefndir Fjallabyggðar á samningi frá 23.9.2013 hefur valdið félagini og félagsmönnum verulegum óþægindum og tjóni. Einnig má vera ljós að án fullra efnnda á öllum ákvæðum samnings frá 2013 er eldri samningur frá 2009 í fullu gildi þó svæðið hafi verið innkallað, almennt þarf að uppfylla samninga til að losna undan samningsskildum í þeim.

Félagsstjórn Glæsis mun ásamt félagsmönnum vinna að tillögu að sátt við Fjallabyggð samanber 10. grein samnings frá 2013. Náist ekki sátt þarf málið að fara í annan farveg.

F.h. Hestamannafélagsins Glæsis

Haraldur Marteinsson, formaður.

